



Leiðbeiningar

Innflutningur á endursendum sjávarafurðum frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins

Endursending á íslenskum sjávarafurðum frá ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) *skal tilkynnast til Matvælastofnun a.m.k. 24 klst. áður en varan kemur til landsins*, sbr. 4gr. rgl. 849/1999.

Fylla þarf út eyðublað: Tilkynning um innflutning á endursendum sjávarafurðum frá ríkjum innan EES og senda ásamt nauðsynlegum fylgiskjöllum til Matvælastofnunar.

Fylgiskjöl: Farmbréf flutningafyrirtækja, staðfesting um ástæður fyrir höfnun vöru og kreditreikningur.

Matvælastofnun skoðar allar endursendar sjávarafurðir og tekur sýni til rannsókna ef ástæða er til.

Staðfesting á að flytja megi tilkynnta sendingu inn til landsins er bundin því skilyrði að Matvælastofnun geri ekki athugasemdir við innflutninginn. Tryggja þarf að varan sé sannanlega frá EES-ríki eða í frjálsum flæði innan þeirra, hún sé ekki á lista yfir vörur sem geta valdið dýrum eða mönnum hættu eða um fiskisjúkdóm sé að ræða. Staðfesting þessi þarf að liggja fyrir hjá tollstjóra áður en tollafgreiðsla viðkomandi vörusendingar fer fram.

Matvælastofnun sendir innflytjanda síðan staðfest afrit með skráningarnúmeri sendingar á myndsendi. Skráningarnúmer skal skrá í reit 14 á aðflutningsskýrslu vegna tollafgreiðslu vörunnar.

Lög og reglugerðir sem gilda um innflutning sjávarafurða

Lög nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða

Reglugerð nr. 849/1999 um eftirlit með innflutningi sjávarafurða